



# Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2017-2018

Halldór Páll Halldórsson

- október, 2018 –

## I. Um sjálfsmatsnefnd

Þessi skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni ber þess glögg merki, að skólinn var að ganga í gegnum allmiklar breytingar á árinu 2017 og 2018. Hið sama kom fram í sjálfsmatsskýrslu ársins 2016. Sjálfsmatsskýrsla þessi nær yfir þrjár annir, vor 2017, haust 2017 og vor 2018. Framvegis mun hver skýrsla ná yfir skólaár, haust og vor.

Haustið 2015 hófu fyrstu nýnemarnir skólagöngu sína í þriggja ára kerfi, en aðrir nemendur skólans voru áfram í fjögurra ára kerfi. Vorið 2018 voru brautskráðir stúdentar frá skólanum eftir fjögurra ára nám og eftir þriggja ára nám, tveir árgangar alls 65 nemendur. Frá og með hausti 2018 eru allir nemendur skólans í þriggja ára kerfi til stúdentsprófs.

Óhemju mikil vinna fólst í því að keyra saman þau tvö kerfi sem hér um ræðir og í fámennri stofnum varð ekki hjá því komist að það hefði þau áhrif að ýmis verkefni sem að öðru jöfnu er sinnt af allmikilli festu innan skólans, þar með talin vinna við sjálfsmat, en hún varð talsvert umfangsminni og ómarkvissari en ella hefði orðið. Sjálfsmatsskýrsla þessi mótast sem að því. Sama var uppi á teningnum 2016 eins og fram kom í sjálfsmatsskýrslu þess árs.

Stýring sjálfsmatsáætlunar færðist úr hendi aðstoðarskólameistara, sem lét af störfum fyrir aldurs sakir vorið 2017 en hann hélt áður utan um það verkefni ásamt mörgum öðrum, í hendur skólameistara. Ljóst er að það er ekki hyggilegt, annir í því embætti eru það miklar að vinna nefndarinnar var ekki nægilega markviss eða skilvirk. 100% starf aðstoðarskólameistara hefur verið lagt af en áfangastjóri ráðinn í 50% starf. Þau verkefni sem voru á hendi aðstoðarskólameistara að hálfu leyti færðust til skólameistara sem aftur færði fjárhagstengd verkefni í auknum mæli til nýráðins fjármálastjóra í hlutastarfi.

Nefndin var áfram skipuð með sama hætti og verið hefur: auk formanns áttu sæti í nefndinni einn fulltrúi kennara sem er kosinn á kennarafundi, einn fulltrúi annars starfsfólks sem valinn er á starfsmannafundi, tveir fulltrúar nemenda sem stjórn nemendafélagsins Mímis velur, einn fulltrúi foreldra, sem foreldraráð velur eftir tillögu frá formanni sjálfsmatsnefndar, en þar sem foreldrar nemenda í skólanum koma víða að, er fulltrúi foreldra valinn úr hópi þeirra sem búa í næsta nágrenni skólans. Alls er nefndin því skipuð 6 fulltrúum þess sem kalla má hagsmunaaðila.

Nefndin hélt 2 fundi á skólaárinu 2017-2018, en efni þeirra hefur verið og er að leggja línurnar. Mikið af útfærslum og lokafrágangi fer fram með tölvupósti, eða öðrum rafrænum hætti s.s. í gagnvirkum skjölum í Office 365.

Frá og með 1. mars 2019 færirst formennska í sjálfsmatsnefnd í hendur kennara sem fer þá tímabundið, til miðs júní, í sérverkefni. Eins verður skilgreint nýtt 25% starf verkefnastjóra frá og með hausti 2019 sem m.a. mun halda utan um sjálfsmat skólans, stýra sjálfsmatsnefnd og fylgja sjálfsmatsáætlunum eftir. Mun hann sinna úrvinnslu kannana, draga saman niðurstöður og rita skýrslur. En verkefnastjórinn sá verður einnig með margt annað á sínum snærum, utan sjálfsmats skólans, enda ekki vanþörf á þar sem sífellt er kallað á aukin verkefni í framhaldsskólum. Slíkt reynir á og ekki síður í heimavistar skóla sem ML. Því er mikil þörf á starfi fyrrnefnds verkefnastjóra.

## II. Sjálfsmatsáætlanir og yfirlit

Af þeim þáttum sem sjálfsmatsáætlun gerði ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2017-2018 tókst eingöngu að ljúka eftirfarandi þáttum: kennslumati/áfangamati sem lagt var fyrir nemendur í nóvember 2017 og árvissri

könnun meðal 5 ára stúdenta sem stóð yfir í maí-júní vorið 2017 og vorið 2018. Að auki var lögð könnun fyrir nemendur og starfsmenn vorið 2018 um svonefndar vinnustundir sem eru 4 klst. í stundatöflu, dreifðar á tvo daga eftir hádegið, hvar nemendur sækja til kennara skv. eigin vali til að vinna verkefni og fá aðstoð við nám.

## Úr áætlun um sjálfsmat 2017-2022 (endurskoðuð árlega)

2016-2017	
Vor 2017	<b>Könnun</b> meðal 5 ára stúdenta
2017-2018	
Haut 2017	<b>Starfsfólk: Aðstaða og líðan; vinnuaðstaða, kjör, samskipti og líðan</b> <b>Nemendur: Áfangamat</b>
Vor 2018	<b>Könnun</b> meðal 5 ára stúdenta <b>Nýnemar; könnun (móttökur og líðan)</b> <b>Nemendur og kennarar: könnun um vinnustundir</b> <b>Nemendur: Áfangamat</b>

### III. Kannanir ársins

#### a. Kennslumat/ áfangamat

Nemendur framkvæmdu matið fyrir miðjan nóvember 2017, rafrænt og umsjónarkennarar sáu til þess að allir nemendur fengu tækifæri til að sinna því.


Spurningar voru þessar, og óbreyttar fá því sem var 2016:

1. Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1 – 10
2. Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga, á skalanum 1 – 10
3. Hversvegna gefur þú þér þessa einkunn?
4. Gefðu kennaranum ráð um það sem þér finnst megi vera betra í áfanganum (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan).
5. Hvað finnst þér gott við áfangann (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan)?
6. Gefðu áfanganum í heild einkunn á skalanum 1 – 10


Breyting er gerð á úrvinnslu niðurstaðna miðað við áður þar sem könnunin var tekin í Innu, upplýsingakerfi skólans, sem dregur heildarniðurstöður saman en þær eru ekki flokkaðar eftir bekkjum. Hægt er þó að kalla fram heildar excel-skjal og handavinna niðurstöður eftir hópum. Það er ekki gert m.a. þar sem hópar í nýju kerfi eru í mörgum áföngum blandaðir af bekkjum vegna nýs skipulags með auknu vali.

Samantekt á niðurstöðum. Hlutfall nemenda skólans sem gefa viðkomandi einkunn við viðkomandi spurningu:


Spurning 6:



Spurning 1:



Spurning 2:



Samanburður kannana haustið 2016 og haustið 2017 sýnir m.a. eftirfarandi:

	haust 2016		haust 2017	
	eink 7-10	eink 8-10	eink 7-10	eink 8-10
sp1	82%	63%	89%	76%
sp 2	81%	66%	88%	76%
sp 3	79%	57%	88%	72%

Sjá má að ánægja nemenda með áfangana í heild sinni, kennsluna og eigin frammistöðu eykst milli skólaára.

Svör nemenda við opnum spurningum hafa síðan verið kennurum drjúgur upplýsingabrunnur um stöðu mála.

Meðaltalseinkunnir voru þessar úr áfangamati 2015, 2016 og 2017. Athuga ber að 2017 er meðaltal mats allra nemenda óháð bekkjum en 2015 og 2016 eru reiknuð meðaltöl meðaltala bekkjanna. Það getur valdið skekkju þannig að samanburðarhæfni niðurstaðna í töflunni hér að neðan er ekki fullkomin:

	2015	2016	2017
Kennslan:	7,85	7,75	8,31
Áfanginn:	7,75	7,71	8,30
Sjálfsmat nemanda:	7,60	7,48	8,14

Spurningar 3, 4 og 5 voru opnar og reyndust nemendur duglegir að gefa ráð um það sem mætti bæta, hversvegna þeir mátu sig með þeim hætti sem þeir gerðu eða það sem þeim fannst gott við viðkomandi áfanga. Þær upplýsingar auk niðurstaðna úr einstökum áföngum, voru birtar viðkomandi kennurum og þeir hvattir til að fjalla um þær við nemendur sína, því það er auðvitað tilgangur mats af þessu tagi að leita leiða til að gera betur og fá endurgjöf um það sem vel er gert. Það verður að teljast mikilvægara en að skrifa um það formlega skýrslu.

## b. Könnun meðal 5 ára stúdenta (júbilanta)

Þessi könnun er framkvæmd árlega og er fyrst og fremst ætluð til að fylgjast með hvað verður um nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi frá skólanum. Hún er framkvæmd þannig, að haft er samband við einhvern forystumann í viðkomandi hópi og óskað eftir að setja inn hlekk á könnunina í Facebook hóp þessara verðandi 5 ára stúdenta.

*Niðurstöður:*

### Könnun meðal 5 ára stúdenta vor 2017

Árið 2012 útskrifuðust 32 nemendur en 28 svöruðu könnuninni af þeim 32 sem útskrifuðust er einn látinn. Af félagsfræðabraut útskrifuðust 14 en 12 svöruðu, af málabraut útskrifuðust 3 og svöruðu þau öll og af náttúrufræðabraut útskrifuðust 15 og svöruðu 14. Svörun 5 ára stúdenta var því með miklum ágætum.

Af þeim 28 sem tóku þátt voru 16 í framhaldsnámi af einhverju tagi, en 6 höfðu lokið framhaldsnámi. 7 töldu dvölinu í ML, í heild sinni, hafa búið sig mjög vel undir frekara nám, 13 vel, 5 sæmilega, 1 frekar illa. 24 voru mjög ánægðir með dvölinu í ML á heildina litið, 4 frekar ánægðir þ.e. 28/28 mjög ánægðir eða frekar ánægðir sem gerir 100%.

### Könnun meðal 5 ára stúdenta vor 2018

Árið 2013 útskrifuðust 36 nemendur en 26 svöruðu könnuninni af þeim. Af félagsfræðabraut útskrifuðust 14 en 12 svöruðu og af náttúrufræðabraut útskrifuðust 22 og svöruðu 14


Af þeim sem tóku þátt voru 8 í framhaldsnámi af einhverju tagi, en 10 höfðu lokið framhaldsnámi. 5 töldu dvölinu í ML, í heild sinni, hafa búið sig mjög vel undir frekara nám, 11 vel, 6 sæmilega, 4 frekar illa eða illa. Alls voru 18 mjög ánægðir með dvölinu í ML á heildina litið, 7 frekar ánægðir þ.e. 25/26 mjög ánægðir eða frekar ánægðir sem gerir 96%.

### c. Könnun um vinnustundir

Að auki var lögð könnun fyrir nemendur og starfsmenn síðla vors 2018 um svonefndar vinnustundir sem eru 4 klst. í stundatöflu, dreifðar á tvo daga eftir hádegið, hvar nemendur sækja til kennara skv. eigin vali til að vinna verkefni og fá aðstoð við nám. Sú kerfisbreyting tók gildi til reynslu síðustu áramót, 2017-2018 og verður áfram skólaárið 2018-2019 með væntanlega einhverjum breytingum í framtíðinni sem fara eftir niðurstöðum kannana þar að lútandi hjá nemendum og kennurum.


Niðurstöður hvað kennara varðar voru greindar eftir starfsaldri og kyni en einnig í heild. Svarhlutfall var 79%. Hér eru birt skífurit yfir niðurstöður kennara í heild sinni:

Þegar á heildina er litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til vinnustunda?



■ Mjög jákvætt ■ Frekar jákvætt ■ Hvorki né ■ Frekar neikvætt ■ Mjög neikvætt

Hversu jákvætt eða neikvætt telur þú viðhorf nemenda almennt til vinnustunda?




■ Mjög jákvætt ■ Frekar jákvætt ■ Hvorki né ■ Frekar neikvætt ■ Mjög neikvætt

Kennarar eru mjög jákvæðir gagnvart þessari nýju töfluskipan eins og sjá má. Enginn kennara af þeim sem tóku þátt svaraði hvorki né, frekar neikvætt eða mjög neikvætt.

Niðurstöður hvað nemendur varðar varðar voru greindar eftir bekkjum en einnig í heild. Svarhlutfall var 67%. Nemendur í fjórða bekk félagsvísindabrautar 4F lögðu könnunina fyrir alla nemendur skólans og unnu úr henni, allt undir handleiðslu kennara síns. Hér eru birt tafla hvar svörun er flokkuð eftir bekkjum og skífurit yfir niðurstöður nemenda í heild sinni:

<b>Spurning til nemenda</b>					
Þegar á heildina er litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til vinnustunda?					
	Mjög neikvætt	Frekar neikvætt	Hvorki né	Frekar jákvætt	Mjög jákvætt
1. bekkur	0%	8%	13%	48%	33%
2. bekkur	0%	0%	16%	55%	29%
3. bekkur	0%	5%	10%	43%	43%
4. bekkur	0%	13%	38%	25%	25%
<b>Heildin</b>	<b>0%</b>	<b>5%</b>	<b>17%</b>	<b>46%</b>	<b>32%</b>



Nefna má að nemendur 4ða bekkjar (sá bekkur sem hafði verið áður í þrjú og hálf ár í eldra töfluskipulagi) voru sínu minnst jákvæðir en 50% nemenda fjórða bekkjar voru mjög jákvæðir eða frekar jákvæðir.

Önnur könnun vegna vinnustunda er á áætlun í lok yfirstandandi annar eða í upphafi vorannar 2019.

Könnun R&G um ungt fólk, viðamikil ferilkönnun sem lögð hefur verið fyrir á þriggja ára fresti, verður svo lögð fyrir nemendur í næstu viku. Skólinn fær sérgreindar niðurstöður sínar. Eins er árlega lögð fyrir SFR könnun hvað skólinn fær sínar sérgreindu niðurstöður en könnun sú er starfsmannakönnun óháð stéttarfélagsaðild. Báðar þessar kannanir veita góðar upplýsingar um stöðu mála en ekki er fjallað um niðurstöður þeirra í þessari sjálfsmatskýrslu, þar sem það eru ytri kannanir, hvað svo sem síðar verður.

Laugarvatni, 16. október 2018,

Halldór Páll Halldórsson

skólameistari